

## Tímamót í sögu Origo

### Ársuppgjör Origo hf. 2022

#### Helstu fjárhagsupplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 5.974. m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 (12,0% tekjuvöxtur frá F4 2021) og 20.119 m.kr. á árinu (10,6% tekjuvöxtur frá 12M 2021) [F4 2021: 5.335 m.kr., 12M 2021: 18.191 m.kr.]
- Framlegð nam 1.581 m.kr. (26,5%) á fjórða ársfjórðungi 2022 og 5.389 m.kr. (26,8%) á árinu [F4 2021: 1.466 m.kr. (27,5%), 12M 2021: 4.819 m.kr. (26,5%)]
- EBITDA nam 495 m.kr. (8,3%) á fjórða ársfjórðungi 2022 og 1.679 m.kr. (8,3%) á árinu [F4 2021: 503 m.kr. (9,4%), 12M 2021: 1.601 m.kr. (8,8%)]
- EBIT nam 244 m.kr. (4,1%) á fjórða ársfjórðungi 2022 og 671 m.kr. (3,3%) á árinu [F4 2021: 263 m.kr. (4,9%), 12M 2021: 732 m.kr. (4,0%)]
- Áhrif vegna sölu á eignarhlut í Tempo nam 22.315 m.kr. á fjórða ársfjórðungi.
- Áhrif hlutdeildarfélags, Tempo, voru 588 m.kr. á árinu
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé voru neikvæðir um 806 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 og neikvæðir um 351 m.kr. á árinu [F4 2021: -15 m.kr., 12M 2021: +70 m.kr.]
- Heildarhagnaður nam 22.682 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 og 23.948 m.kr. á árinu [F4 2021: 952 m.kr., 12M 2021: 1.564 m.kr.]
- Eiginfjárlutfall í árslok 2022 er 54,1%, en var 56,9% í árslok 2021
- Veltufjárlutfall í árslok 2022 er 2,20 en var 1,42 í lok árs 2021

#### Jón Björnsson forstjóri Origo hf:

„Að baki er ár sem markar tímamót í rekstri Origo. Fyrir tveimur árum síðan lögðum við upp í vegferð sem miðaði að því að ýta undir frekari sjálfstæði teymanna okkar, gera vöruframboð hnitmiðaðara og sterkara, auka veg nýsköpunar til muna og taka næra okkur þau samfélagsmál sem við töldum okkur geta haft áhrif á gegnum starfsemi Origo. Við hófum strax vegferðina en 2022 er árið sem við sáum fleiri þætti komast í framkvæmd. Árangurinn af þessari vinnu skilar sér í góðum tekjuvexti upp á 10,6%, einu besta rekstrarári félagsins með mjög viðunandi EBITDA upp á 8,3%. Við erum komin með enn betrisýn á hvernig við viljum sinna nýsköpun og árangri í samfélagsmálum. Það besta er að ánægja starfsmanna með Origo sem fyrirtæki og vinnustað er sú hæsta sem við höfum séð á síðustu árum en Origo mælist nú meðal þriggja hæstu í ánægju starfsmanna meðal þeirra rúmlega 60 fyrirtækja sem við berum okkur saman við. Auðvitað stendur svo salan á hlut okkar í Tempo upp úr sem einstakur viðburður í sögu félagsins.

Áfram er góð eftirspurn eftir lausnum og vörum í Notendabúnaði og tengdri þjónustu og jukust tekjur um 8,2% á fjórða ársfjórðungi. Góð tekjuaukning er heilt yfir á þessu sviði en þó er hún almennt betri á fyrirtækjamarkaði en á einstaklingsmarkaði. Góð afkoma er í þessum hluta starfssemi okkar og er EBITDA 8,7% af veltu á árinu. Félagið hefur sótt verulega fram í búnaði sem hjálpar fyrirtækjum að skapa betri starfsaðstöðu ásamt því að vera leiðandi þegar kemur að lausunum er tengjast fundaraðstöðu, fjarfundum og allri upplifun er tengist hljóði og mynd í stafrænum heimi. Origo

#### Helstu fréttir úr starfsemi:

- 12,0% tekjuvöxtur á fjórða ársfjórðungi, 10,6% tekjuvöxtur og góð afkoma á árinu 2022.
- 8,2% tekjuvöxtur á fjórða ársfjórðungi, 12,7% tekjuvöxtur á árinu 2022 í sölu á notendabúnaði.
- 3,4% tekjasamdráttur á fjórða ársfjórðungi, 1,6% tekjuvöxtur á árinu 2022 á hugbúnaðarsviðum.
- 38,0% tekjuvöxtur á fjórða ársfjórðungi, 17,5% tekjuvöxtur á árinu 2022 í rekstrarþjónustu og innviðum.
- Sala á Tempo staðfest í október og söluandvirði upp á um 28 milljarða króna greitt að fullu.
- Origo lækkaði hlutafé úr 435 milljónum hluta í 140 milljón hluti og greiddi út um 23,5 milljarða króna til hluthafa á fjórða ársfjórðungi.
- Origo hlaut hvatningarverðlaun Creditinfo fyrir framúrskarandi nýsköpun.
- Sjóður á vegum Alfa Framtak tilkynnti um valfrjálst tilboð til hluthafa Origo þann 19. janúar 2023.
- Menntasjóðurinn Fremri stofnaður af Origo sem leggur 500 milljónir króna í hlutafé.
- Stjórn leggur til að á árinu 2023 verði greiddur allt að tveggja milljarða arður til hluthafa.

TIL BIRTINGAR FÖSTUDAGINN 2. FEBRÚAR 2023

[origo.is/um-origo/fjarfestar/](http://origo.is/um-origo/fjarfestar/)

tók fyrstu stóru skrefin í sjálfbærniferðagi notendabúnaðar á árinu. Flutt voru út yfir 1.500 tæki til endurvinnslu og endurnýtingar og stefnir félagið á að margfalda þá tölu og spara þannig viðskiptavinum fjármuni og kolefnisspor.

Rekstrarþjónusta og Innviðir vaxa um 17,5% milli ára en fjórði ársfjórðungur er óvenju hár vegna einskiptissölu. Veltuaukning er einnig lituð af veltuaukningu Syndis sem er ekki samanburðarhæf milli ára. Þjónustulausnir Origo, sem tilheyra rekstrarþjónustu félagsins, hafa verið í mikilli umbreytingu síðastliðna 12 -18 mánuði með breytingum á vöru- og þjónustuframboði sem skilað hefur mun betri rekstri, ásamt því að búa til nokkur góð tækifæri til sóknar. Tekjaukning Þjónustulausna er 14,8% og verulegur bati er í EBITDA afkomu. Skerpt hefur verið á áherslum og sköpuð sterkari umgjörð í kringum þjónustuafhendingu, auk betri nýtingar á tækifærum sem liggja í umbreytingu hjá okkar viðskiptavinum. Verkefnastaða í grunnrekstri er góð og vel hefur gengið að einfalda vöruframboð og skala upp þar sem styrkleikar Origo liggja. Þónokkur tekjuaukning hefur verið í þjónustusamningum og útseldri vinnu sem helgast mikið til af eftirspurn eftir öruggri hýsingu ásamt reynslu og ráðgjöf sérfræðinga við úrbóta- og hagræðingarverkefni hjá viðskiptavinum. Eftirspurn og verkefnastaða er góð inn í nýtt ár.

Þrí vaxtasprotar innan Rekstrarþjónustu og innviða Origo eru nú starfræktir í sjálfstæðum félögum. Responsible Compute sem er sérhæft skýjabjónustu fyrirtæki sem veitir reikniþjónustur til samstarfsaðila og viðskiptavina sinna um allan heim. Data lab Ísland ehf., sem Origo á 51% á móti stofnendum félagsins og Syndis ehf. sem Origo á að öllu leyti. Félagið setti á árinu um 250 milljónir í fjárfestingu í að byggja upp starfsemi þessara félaga. Responsible Compute er komið með grunn sem ætti að geta borið innri vöxt á meðan Datalab þarf að þróa frekar til að þeirra spennandi framtíðarsýn geti ræst. Áfram verður fjárfest í vexti Syndis og hefur Origo mikla trú að félagið geti haslað sér frekari völl í rekstri öryggisþjónustu og uppbyggingu enn meiri hugbúnaðargerðar samhliða þeirri frábæru ráðgjöf sem félagið veitir á svíði stafræns öryggis.

Velta Origo í hugbúnaðargerð og tengdri þjónustu heldur áfram að vaxa og skilaði 1,6% tekjuaukningu á árinu. Aðeins dregur úr tekjuaukningu á árinu vegna einskiptis sölu á leyfum árið áður. EBITDA afkoma á árinu er svipuð og síðustu ár. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá um 26% aukningu í tekjum á eigin hugbúnaði. Áfram er tekjuvöxtur innan hugbúnaðar á kjarnasviðum eins og mannauðlausnum, gæðakerfum og fjárhagskerfum. Ráðgjöf og sérþróun lausna fyrir viðskiptavini hefur einnig gengið vel, bæði hvað varðar verkefni tengd stafrænni umbreytingu sem og þróun sértækra og skalanlegra vara á svíði viðskiptagreindar. Félagið hefur nýtt sér þekkingu sína á gagnavísindum og mannauðs- og launakerfum til að skapa aukin verðmæti fyrir notendur upplýsingakerfa. Sölupípa hugbúnaðarverkefna lítur almennt ágætlega út.

Rekstur Applicon er stöðugur miðað við síðasta ár en aðeins dregur úr afkomu vegna fjárfestinga í vörubróun. Félagið hefur á síðustu árum aukið áherslu sína á kaupleigufyrirtæki, sem og fjárvíringu hjá almennum fyrirtækjum. Applicon vinnur nú jafnframt að hugbúnaðarþróun tveggja vara sem mun hafa áhrif á tekjusamsetningu til framtíðar. Fjárfestingar í nýjum vörum er um 30 m.kr. hærri en á s.l. ári.

Innan Origo er nú unnið að hátt í 20 nýsköpunarverkefnum innan níu teyma. Fjölmörg þessara verkefna eru komin langt og hafa fjölda viðskiptavina í dag en þróun þeirra verður haldið áfram á meðan vaxtarmöguleikar eru fyrir hendi. Mörg þessara verkefna liggja innan hugbúnaðarlausna eins og hugbúnaður á svíði fjártækni, mannauðlausna og gæðalausna. Önnur verkefni liggja í sjálfstæðum einingum sem hafa sérþekkingu innan ákveðinna atvinnugreina þar sem sértæks hugbúnaðar er þörf. Við höfum aukið aga okkar og kröfur um viðskiptaleg markmið hugbúnaðar og tækniþróunar. Þó að við hrifumst af og fjárfestum í nýjum tímamótalausnum, þá viljum við sjá að slíkar lausnir nái tæknilegri getu, fótfestu og skalanleika innan ákveðins tíma. Origo hefur tekið ákvörðun um að frekari þróun á ferðaumsjónarkerfinu PaxFlow verði ekki áframhaldið innan Origo og kerfið verð selt inn í sprotagyrtæki til frekari þróunnar. Origo yrði minnihluta eigandi í slíku félagi. Origo mun einbeita sér að frekari þróun og sölu innan bílaleiguukerfisins Caren, hótelbókunarkerfisins Booking Factory og ferðamarkaðstorgsins Rerserva. Framgangur þessara vara hefur verið með ágætum og ánægjulegt að þarna höfum við séð um tvöföldun á veltu og við teljum að þessar vörur verði sjálfbærar á þriðja ársfjórðungi 2023.

Heldur dregur úr veltu Heilbrigðislausna eftir Covid en verkefnastaðan er þó góð og áhersla er hjá Origo að auka eigin hugbúnaðargerð fyrir heilbrigðisgeirann. Smáforritið Smásaga hefur nú verið tekið til notkunar hjá öllu starfsfólk landsins sem sinnir heimahjúkrun. Innleiðingin á Smásögu gekk vonum framar og endurgjöf frá notendum hefur verið mjög jákvæð. Starfsfólk heimahjúkunar á landinu hefur tekið leiðandi skref í notkun á tækni í sínum störfum, bæði til að auðvelda starf sitt og auka öryggi sinna skjólstæðinga. Ráðist verður í veruleg endurskrif á sjúkraskrákerfinu Sögu til að bæta notendaupplifun samhliða annarri þróunarvinnu, en búast má við að allt að fimm nýjar vörur muni líta dagsins ljós á komandi ári. Hagfræðistofnun HÍ var fengin til að vinna greiningu á fjárhagslegum ávinningu af stafrænum Covid lausnum Origo og samkvæmt þeim niðurstöðum vegur ávinnungur af stafrænni skráningu í sýnatöku og afhendingu niðurstaðna 8,7 milljarðar. Þetta á eingöngu við um þessa afmörkuðu virkni, ekki lausnir á landamærum, bólusetningu og fleira. Það er von okkar að þetta verði stjórnámamönnum hvatning til að beita sér fyrir því að fjárfestingar sem búið sé að fara í séu nýttar til hins ýtrasta til hagræðingar og umfram allt aukinnar þjónustu við þá sem sækja þjónustu til

TIL BIRTINGAR FÖSTUDAGINN 2. FEBRÚAR 2023

[origo.is/um-origo/fjarfestar/](http://origo.is/um-origo/fjarfestar/)

ríkisins. Möguleikarnir eru miklir og mikil tækifæri að byggja enn meira á núverandi fjárfestingum í stað þess að láta þær rýrna niður vegna eigandaleysis og skorts á framtíðarsýn.

Starfssemi Origo stendur nú á spennandi tímamótum. Stórt skref var tekið í október þegar Origo seldi hlut sinn í Tempo til Diversis Capital. Arðsemi Origo af þessum viðskiptum er frábær og hluthafar Origo innleystu mikil verðmæti, en segja má að fjárfestingin í Tempo hafi staðið fyrir a.m.k. 70% af markaðsverðmæti Origo á þessum tíma. Origo hefur þegar greitt hluthöfum sínum 24 milljarða vegna viðskiptanna og hyggur stjórн á að greiða allt að 2 milljarða í viðbót verði tillaga þess efnis samþykkt á aðalfundi. Salan mun einnig styrkja félagið sjálft en vegferð Tempo sýnir skýrt hvað frábært starfsfólk, íslenskt hugvit, stuðningur eigenda og stjórнvalda getur búið til mikil verðmæti í hugbúnaðargeiranum. Það varð okkur einnig enn meiri innblástur að Origo hlaut nú í október hvatningarverðlaun Creditinfo fyrir framúrskapandi nýsköpun. Það er vissulega frábært að fyrirtæki sem rekur sögu sína 70 ár aftur í timann hafi náð að endurskapa sig aftur og aftur á síðustu árum og sé í dag eitt sterkasta nýsköpunarfyrirtæki landsins á svíði hugbúnaðar.

Origo heldur áfram að þróa lausnir sem breyta leiknum líkt og Tempo hefur gert og vonum við að fleiri hugbúnaðarvörur geti átt jafn farsælan feril og Tempo. Stjórн félagsins hefur ákveðið að styrkja enn frekari hugbúnaðarþróun í félagini og leggjast í hraðari þróun á tækniumhverfi Origo, aukna þróun á vörum fyrir heilbrigðisgeirann og hraðari þróun á nýrri vörum sem þróuð hefur verið innan Syndis og gengur út á að hjálpa fyrirtækjum að efla varnir sínar þannig að þau séu meðvitaðari og betur undirbúinn þegar kemur að stafrænu öryggi sínu. Þessi aukna fjárfesting í þróun kemur til viðbótar þeim rúmlega milljarði sem Origo fjárfestir árlega í hugbúnaðarþróun. Samhliða þessu hefur stjórн samþykkt stofnun menntasjóðs innan Origo og leggja honum til hálfan milljarð frá sölunni á Tempo. Við lítum svo á að frekari tækifæri starfsfólks Origo til menntunnar á svíði nýsköpunar og tækni sé sú fjárfesting sem muni halda áfram að gefa starfsfólk, viðskiptavinum og hluthöfum langt inn í framtíðina. Sjóðurinn, sem fengið hefur nafnið Fremri, hefur þegar hafið starfsemi sína og mun úthluta fyrstu styrkjum á vormánuðum.

Horfur í rekstri eru áfram ágætar þó ýmislegt í heimsmyndinni sé ótryggt og hlaðið óvissu. Fyrirtækið er rekstrarlega sterkt og hefur góða stjórн á þeim fjárfestingum sem félagið hefur lagt í og getur dregið úr, verði breyting á hagfelldu umhverfi upplýsingatækni. Við erum í innleiðingarfasa á þeirri stefnumótun sem við fórum í á síðasta ári og höfum úr töluverðu að vinna, sem mun styrkja fyrirtækið enn frekar til sóknar – til hagsbóta fyrir viðskiptavini, starfsfólk og hluthafa. Við munum nú setja enn meiri kraft í sölmál félagsins og þann frábæra ávinning sem viðskiptavinir geta haft af lausnum okkar. Við munum setja aukna áherslu á frekari nýsköpun bæði í hugbúnaðargerð og almennri tækniþróun en að sama skapi setja skarpari línur á viðskiptalegan árangur nýsköpunnar. Siðast en ekki síst munum við setja fókus á að verða enn betri vinnustaður sem laðar að sér öflugt fólk og búa til góð teymi í því að skapa, selja og reka tæknlausnir sem bæta lífið”.

**Rekstrarreikningur**

Í milljónum ISK	F4 2022	F4 2021	%	12M 2022	12M 2021	%
Seldar vörur og þjónusta	5.974	5.335	12,0%	20.119	18.191	10,6%
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(4.392)	(3.869)	13,5%	(14.731)	(13.372)	10,2%
<b>Framlegð</b>	<b>1.582</b>	<b>1.466</b>	<b>7,9%</b>	<b>5.389</b>	<b>4.819</b>	<b>11,8%</b>
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	<i>26,5%</i>	<i>27,5%</i>		<i>26,8%</i>	<i>26,5%</i>	
Rekstrarkostnaður	(1.338)	(1.203)	11,2%	(4.718)	(4.087)	15,4%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>244</b>	<b>263</b>		<b>671</b>	<b>732</b>	
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	<i>4,1%</i>	<i>4,9%</i>		<i>3,3%</i>	<i>4,0%</i>	
Hrein fjármagnsgjöld	994	(29)		860	(98)	
Áhrif sölu á eignarhlut í Tempo	22.315	0		22.315	0	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	0	756		588	966	
Tekjuskattur	(65)	(22)		(136)	(105)	
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>23.488</b>	<b>967</b>		<b>24.298</b>	<b>1.494</b>	
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(806)	(15)		(351)	70	
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>22.682</b>	<b>952</b>		<b>23.948</b>	<b>1.564</b>	
<b>EBITDA</b>	<b>495</b>	<b>503</b>		<b>1.679</b>	<b>1.601</b>	
<i>EBITDA%</i>	<i>8,3%</i>	<i>9,4%</i>		<i>8,3%</i>	<i>8,8%</i>	

- Notendabúnaður og tengd þjónusta:** Tekjur námu 2.620 m.kr á fjórða ársfjórðungi 2022 (8,2% tekjuvöxtur frá F4 2021) og 8.815 m.kr á árinu 2022, sem er 12,7% tekjuvöxtur frá fyrra ári. EBITDA nam 194 m.kr. (7,4%) á fjórða ársfjórðungi og 765 m.kr (8,7%) á árinu 2022 [Tekjur 12M 2021: 7.823 m.kr, EBITDA 12M 2021: 731 m.kr. (9,3%)].
- Rekstrarþjónusta og innviðir:** Tekjur námu 1.801 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 (38% tekjuvöxtur frá F4 2021) og 5.672 m.kr á árinu 2022, sem er 17,5% tekjuvöxtur frá 2021. EBITDA nam 112 m.kr. (6,2%) á fjórða ársfjórðungi og 375 m.kr. (6,6%) á árinu 2022 [Tekjur 12M 2021: 4.827 m.kr., EBITDA 12M 2021: 339 m.kr. (7,0%)].
- Hugbúnaður og tengd þjónusta:** Tekjur námu 1.553 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 (3,4% tekjusamdráttur frá F4 2021) og 5.632 m.kr. á árinu 2022, sem er 1,6% tekjuvöxtur frá 2021. EBITDA nam 189 m.kr. (12,2%) á fjórða ársfjórðungi og 540 m.kr. (9,6%) á árinu 2022 [Tekjur 12M 2021: 5.542 m.kr, EBITDA 12M 2021: 532 m.kr (9,6%)].
- Rekstrarkostnaður:** Aukningu rekstrarkostnaðar á tímabilinu má rekja til þriggja nýrra félaga sem bætast við samstæðuuppgjörið samanborið við fyrra á; Syndis, Eldhaf og Datalab. Syndis hefur vaxið hratt á árinu, þar sem að starfsmannafjöldi hefur aukist um 23 á árinu og því launa- og rekstrarkostnaður í línu við það. Auk þessa, hefur árið einkennst af mikilli fjárfestingu í uppbyggingu og hugbúnaðarþróun hjá samstæðunni og þá séð í lagi hjá Syndis, Applicon og í hugbúnaðartengdum verkefnum hjá Origo sem var að miklu leyti gjaldfærð á árinu.
- Áhrif sölu á eignarhlut í Tempo:** Félagið seldi eignarhlut sinn í Tempo á fjórða ársfjórðungi. Salan hefur veruleg áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar. Hreinar fjármunatekjur á árinu nema 860 m.kr., þar sem að vaxtatekjur eru 284 m.kr. og gengishagnaður er 783 m.kr, samanborið við 47 m.kr fjármunatekjur í fyrra. Vaxtagjöld aukast um 61 m.kr og því breyting á milli ára 959 m.kr. Þá voru áhrif af sölunni 22.315 m.kr sem kemur fram í rekstrarreikning. Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé breytast mikið þar sem að þýðingarmunur breytist umtalsvert á milli ára, eða um 421 m.kr.

## Efnahagsreikningur

Í milljónum ISK	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir	5.942	9.742
Veltufjármunir	9.734	5.402
<b>Eignir samtals</b>	<b>15.676</b>	<b>15.144</b>
Eigið fé	8.486	8.619
Langtímaskuldir	2.773	2.733
Skammtímaskuldir	4.417	3.793
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>15.676</b>	<b>15.144</b>
Veltufjárlutfall	2,20	1,42
Eiginfjárlutfall	54,1%	56,9%

- Fastafjármunir lækka um 3.800 m.kr. frá árslokum 2021. Lækkunin skýrist einkum vegna sölu á eignarhluts Origo í Tempo, og lækka eignarhlutir í hlutdeildarfélögum um 3.865 m. kr.
- Veltufjármunir hækka um 4.332 m.kr. frá árslokum 2021. Birgðir hækka um 1.146 m.kr, viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskuldir hækka um 928 m.kr og handbært fé hækkar um 4.332 m.kr.
- Eigið fé lækka um 133 m.kr. á tímabilinu. Á fjórða ársfjórðung lækkaði félagid hlutafé fyrirtækisins úr 435 milljón hlutum í 140 milljón hluti og greiddi út um 23,5 milljarða króna til hluthafa.
- Langtímaskuldir hækka um 40 m.kr. á árinu.
- Aðrar skammtímaskuldir hækka um 543 m.kr á árinu á meðan leiguskuldbinding hækkar um 81 m.kr. Samanlögð hækken skammtímaskulda nemur 625 m.kr
- Eiginfjárlutfall er 54,1%, en var 56,9% í árslok 2021
- Veltufjárlutfall er 2,2 en var 1,42 í lok árs 2021

## Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í árslok 2022 var 13.860 m.kr., lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 99 á hlut. Fjöldi útgefina hluta þann 31. desember 2022 voru 140 milljónir og voru hluthafar 917 talsins. Origo hf. á eigin bréf að nafnvirði kr. 2.596.235.

Origo býður fjárfestum og markaðsaðilum til fjárfestafundar, föstudaginn 3. febrúar kl. 8:30. Á fundinum kynna stjórnendur rekstur og afkomu félagsins og svara spurningum.

Fundurinn verður haldinn í húsnæði Origo, Borgartúni 37, 105 Reykjavík, en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í streymi.

Skráning á fundinn fer fram hér: <https://www.origo.is/fjarfestakynning>

## Fjárhagsdagatal

21. mars 2023	Aðalfundur Origo
4. maí 2023	Árshlutauppgjör 1F
24. ágúst 2023	Árshlutauppgjör 2F
2. nóvember 2023	Árshlutauppgjör 3F
1. febrúar 2024	Ársuppgjör 2023
7. mars 2024	Aðalfundur Origo

## Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi Origo hf. þann 2. febrúar 2023. Uppgjör Origo hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

## Origo hf.

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Hlutabréf Origo hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu ORIGO.

TIL BIRTINGAR FÖSTUDAGINN 2. FEBRÚAR 2023

[origo.is/um-origo/fjarfestar/](http://origo.is/um-origo/fjarfestar/)

## Nánari upplýsingar

Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða [gp@origo.is](mailto:gp@origo.is) og Jón Björnsson, forstjóri í síma 693-5000 eða [jb@origo.is](mailto:jb@origo.is).

---

### Til athugunar fyrir fjárfesta

Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli mál eins samkvæmt fela slikein staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakín á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segirí fyrirvara þessum.